



Nr. 19/2024  
3. desember 2024

## Afgangur á viðskiptajöfnuði 45,7 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi 2024 – hrein staða við útlönd jákvæð um 40,2% af VLF

Á þriðja ársfjórðungi 2024 var 45,7 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd. Það er 84 ma.kr. betri útkoma en ársfjórðunginn á undan og 40,9 ma.kr. lakari útkoma en á sama fjórðungi árið 2023. Halli á vöruskiptajöfnuði var 76 ma.kr. en 140,5 ma.kr. afgangur var á þjónustujöfnuði.<sup>1</sup> Frumpáttatekjur skiluðu 6,6 ma.kr. halla og rekstrarframlög 12,2 ma.kr. halla (tafla 1).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2024 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.<sup>2</sup>

Tafla 1. Greiðslujöfnuður

B.kr.	2023/3	2023/4	2024/1	2024/2	2024/3
Viðskiptajöfnuður	86,6	-14,3	-33,7	-38,3	45,7
Vöruskiptajöfnuður	-84,4	-77,8	-52,3	-89,2	-76,0
Þjónustujöfnuður	155,0	37,3	17,6	67,4	140,5
Jöfnuður frumpáttatekna	28,6	39,2	12,3	-2,1	-6,6
Rekstrarframlög, nettó	-12,5	-13,0	-11,3	-14,4	-12,2
Jöfnuður fjárframlaga	-0,7	-1,4	-0,8	-1,4	-0,4
Fjármagnsjöfnuður	38,3	-4,4	20,2	-49,5	39,2
Bein fjárfesting	-139,2	21,3	11,0	-12,9	-46,7
Verðbréf	100,3	96,0	-201,6	96,0	28,5
Afleiður	-6,9	-3,7	-0,1	1,5	-2,7
Önnur fjárfesting	90,4	-122,1	91,1	-112,6	69,2
Gjaldeyrisforði	-6,3	4,0	119,8	-21,4	-9,1
Skekkjur og vantalið, nettó	-47,7	11,2	54,7	-9,9	-6,1

Í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 1.793 ma.kr. eða 40,2% af vergri landsframléiðslu (VLF) og batnaði um 130 ma.kr. eða 2,9% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 6.351 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 4.558 ma.kr. Á fjórðungnum batnaði staðan um 39 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta. Erlendar eignir

<sup>1</sup> Sjá á vef Hagstofunnar.

<sup>2</sup> Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á vef Seðlabankans, <https://sedlabanki.is/hagtolor/talnaefni/>

jukust um 76 ma.kr. og skuldir um 37 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar juku virði eigna á ársfjórðungnum um 103 ma.kr. og minnkuðu virði skulda um 5 ma.kr. og leiddu því til 109 ma.kr. betri hreinnar erlendar stöðu. Gengi krónunnar lækkaði um tæp 0,4% á fjórðungnum miðað við gengisskráningarvog. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum hækkaði um 6% milli fjórðunga og verð á bréfum á innlendum hlutabréfamarkaði um 8,9%.

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga

Ma.kr.	Staða í lok 2024/2	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2024/3
Erlendar eignir, alls	6.155	76	103	16	6.351
Bein fjárfesting	1.036	-9	0	8	1.035
Verðbréf	3.556	53	74	0	3.682
Afleiður*	5	-3	13	0	15
Önnur fjárfesting	670	45	-4	9	720
Gjaldeyrisforði	888	-9	21	0	899
Erlendar skuldir, alls	4.492	37	-5	34	4.558
Bein fjárfesting	1.711	37	-17	17	1.749
Verðbréf	1.491	24	25	0	1.540
Afleiður*	13	0	-4	0	9
Önnur fjárfesting	1.277	-24	-9	16	1.259
Hrein staða þjóðarbúsins	1.663	39	109	-17	1.793
% af VLF	37,2%	0,9%	2,4%	-0,4%	40,2%

\*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.